

FJÖGUR SKREF AÐ NÝJA ELDHÚSINU ÞÍNU

Skipulagsleiðbeiningar



Fjögur skref að nýja eldhúsinu þínu

Í þessum bæklingi finnur þú leiðbeiningar til að mæla, skipuleggja, panta og setja upp IKEA eldhúsið þitt. Í honum finnur þú það sem þú þarft og hvernig þú berð þig að.

1 MÆLDU



2 SKIPULEGGÐU



3 PANTAÐU



4 SETTU UPP

Hér er það sem þú þarft. Tilbúið fyrir þig í IKEA versluninni.

BÆKLINGAR OG LEIÐBEININGAR ERU FÁANLEGAR Í VERSLUNINNI EÐA Á IKEA.IS

Kaupleiðbeiningar



Í kaupleiðbeiningunum fyrir METHOD eldhúskerfið finnur þú upplýsingar um skápana okkar, framhliðar, hnúða og höldur.




Veldu hvaða heimilistæki henta þér best með því að kíkja í kaupleiðbeiningarnar fyrir heimilistæki.




Í kaupleiðbeiningunum fyrir borðplötur, vaska og blöndunartæki finnur þú allar upplýsingarnar fyrir þessar nauðsynjar í eldhúsið.

Uppsetningar- bæklingur



Eldhúsuppsetninga-bæklingurinn okkar gefur þér ráð og upplýsingar um rétta uppsetningu á nýja eldhúsinu.

Skipulagsbæklingur



Skipulagsbæklingurinn okkar hjálpar þér að mæla, skipuleggja og setja upp IKEA eldhúsið þitt. Í honum finnur þú ráð og upplýsingar um hvernig best er að skipuleggja nýja eldhúsið þitt.

IKEA Á NETINU



HANNAÐU NÝJA ELDHÚSIÐ MEÐ IKEA TEIKNIFORRITINU

Þú getur sett inn málin þín í IKEA teikniforritið til þess að hanna eldhúsið þitt í þrívídd. Þú finnur tengilinn undir þjónustuliðnum á IKEA vefnum. Fyrst þegar þú notar forritið þarftu að setja upp viðbót. Fylgdu leiðbeiningunum á „IKEA Home Planner“ síðunni þegar þú byrjar. Ef þú þarft hjálp getur þú komið við í eldhúsdeldinni og fengið hjálp hjá ráðgjöfunum okkar.

IKEA teikniforritið er aðgengilegt hér:
www.IKEA.is/ikea_home_planner


1 MÆLDU

Það er ekki erfitt að mæla eldhúsið þitt en það er mikilvægt að það sé gert rétt því málin eru grunnurinn að skipulagningunni. Gefðu þér nægan tíma til að mæla af nákvæmni (meðfylgjandi er rúðustrikað blað til að skrá málin). Svona ferð þú að.




MÆLINGAÞJÓNUSTA


Réttar mælingar eru áriðandi, sérstaklega þegar eldhúsið er skipulagt. Ef þú þarft aðstoð getum við mælt með fagmanni sem mælir rýmið fyrir þig til að tryggja að allt passi.



Byrjaðu á því að mæla frá gólfi upp í loft. Mældu svo fjarlægðina milli veggja og frá hornum að hurðum.



Mældu alla glugga og fjarlægð þeirra frá gólfi, lofti og hornum herbergisins. Gerðu það sama við hurðir.



Mældu staðsetningu allra fyrirstaða í herberginu, eins og ofna, loftræstigata og lagna.

Skráðu hjá þér staðsetningu frárennslis- og vatnslagna. Ef þú ætlar að færa þær til, þarftu að skrá hjá þér hvar þær eiga að vera.

Mældu og skráðu hjá þér staðsetningu innstungna og slökkvára. Skráðu hvar þú vilt hafa þá í nýja eldhúsinu.

Málin á nýja eldhúsinu mínu

Skráðu mælingarnar í millimetrum til að tryggja að nýja eldhúsið passi í herbergið.

2 SKIPULEGGÐU

Draumar þínir og hugmyndir verða áþreifanlegri þegar þú byrjar að skipuleggja eldhúsið þitt. Að mörgu er að huga, eins og hvar best er að koma ísskápnum fyrir og hversu margar skúffur þú þarft. Þess vegna bjóðum við leiðir til að hjálpa þér að ákveða.



RÁÐGJAFABJÓNUSTA

Ráðgjafarnir okkar hjálpa þér að hanna drauma eldhúsið þitt.

Hafðu í huga hvernig þú notar eldhúsið þitt og hvað þér finnst þægilegt. Hvað líkar þér við í eldhúsinu sem þú átt núna og hverju langar þig að breyta? Það getur verið gott að gera lista yfir það sem þú vilt halda og það sem þú vilt breyta.

Flestum eldhúsum er best að skipta í vinnusvæði. Helstu vinnusvæðin eru geymslusvæði (kæli- og frystiskápar/ búrskápar), uppþvottur (vaskur/ uppþvottavél) og eldamennska (ofn/ helluborð). Vinnusvæði gera skipulag eldhússins þægilegt.

Staðsetning vinnusvæðanna og fjarlægðin milli þeirra er oft kallað vinnuþríhyrningurinn. Góður vinnuþríhyrningur hjálpar þér að fara fljótt og auðveldlega milli verka í eldhúsinu þínu.

Aðalmarkmiðið er eldhús sem hentar þér. Hannaðu eldhús sem hentar heimilinu þínu og þínum lífsstíl. Þegar allt kemur til alls þá er þetta þitt eldhús.




Eldhús í beinni línu eru fullkomin þar sem plássíð er takmarkað. Þau eru einföld, straumlínulaga og líta vel út.




Þú færð meira pláss, mikið vinnupláss og frábæran stað til að spjalla ef þú bætir við eldhúseyju. Hafðu 120 cm á milli eyjunnar og annarra skápa.



Eldhús á samsíða veggjum eru frábær þar sem margir elda á sama tíma. Í þeim er líka mikið pláss til að elda og geyma mat og hluti.




Ef þú hefur mikið pláss eru U-laga eldhús tilvalin. Þú færð mjög mikið pláss og fullt af geymslumöguleikum.




L-laga eldhús nýta hornið vel. Þau eru tilvalin ef þú vilt bæta við litlu eldhúsbörði eða eldhúseyju.


Mikilvægar mælingar og atriði til að hafa í huga þegar þú skipuleggur eldhúsið.




Besti staðurinn til að undirbúa eldamennskuna er milli helluborðsins og vaskins.




Fjarlægðin milli gagnstæðra skápa verður að vera næg svo hægt sé að opna skápa báðum megin á sama tíma.




Hafðu hæð veggskápanna þannig að þeir skyggi ekki á borðplötuna.



Hafðu pláss við helluborðið til að taka heita potta og pönnur af hellunum og leggja á potta-stand.




Festu háf/gufugleypi fyrir ofan helluborðið, í þá hæð sem mælt er með, til að tryggja öryggi og rétta virkni. Leitaðu ráða í versluninni ef þú hefur spurningar.




Hafðu áhöld, potta og pönnur nálægt ofninum/helluborðinu svo allt sé við höndina.




Hafðu helluborð og ofn á sitt-hvorum staðnum til að gera eldamennskuna skilvirkari. Sérstaklega ef fleiri en einn elda í einu. Þú þarft heldur ekki að beygja þig eins oft ef ofninn er settur í þægilega vinnuhæð.




Settu uppþvottavélina nálægt vaski og uppþvottagrind þannig að auðveldara verði að fylla hana og tæma og til að koma í veg fyrir að það sullist á gólfíð.




Það verður auðvelt að finna hlutina í eldhúsinu þínu þegar matvara og áhöld eru í full-útdraganlegum skúffum sem renna mjúklega og búrskápum. Í þeim færð þú yfirsýn yfir innihaldið og getur teygð þig beint í það sem þig vantar.




Settu 5 cm aðfellulista milli skáps og veggjar til að tryggja að nóg pláss sé til að opna skúffur og skápa til fulls. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þú ætlar að nota útdraganlegar vírkörfur og ef veggurinn er ekki þráðbeinn.




Festu eldhúseyju með því að smíða sökkulramma og festa hann við bæði gólfíð og skápana.




Ekki setja skúffur í horn. Þegar þú opnar skúffu í horni getur hún rekist í hurð á aðliggjandi skáp, eða hindrað aðgengi að honum. Ekki setja skúffueiningu í horn við hliðina á hornskáp. Ef ekki verður hjá því komist, þá þarf að setja aðfellulista á milli þeirra.




Uppvaskið verður skemmtilegra ef þú setur vask undir glugga. En blöndunartækin geta hins vegar verið í vegi fyrir glugganum ef hann opnast inn.



Takmarkað vinnupláss er við vask sem settur er upp við vegg eða í enda skáparaðar. Það truflar því vinnuflæðið.



Ofn við vegg truflar vinnuflæðið með því að takmarka vinnupláss og skapar hættu á að veggir ofhitni og verði blettóttir.



Heimilistæki, eins og ofnar uppþvottavélar og háfar, sem sett eru í horn, hindra að hægt sé að opna skápa og skúffur til fulls.




Hannaðu nýja eldhúsið þitt


Notaðu IKEA Home Planner og málin þín til að hanna, prófa þig áfram og skapa nýja eldhúsið þitt í þrívídd. Þú finnur slóð á forritið á vefnum okkar www.IKEA.is. Þegar þú notar forritið í fyrsta skipti þarftu að setja upp viðbætur (plug-in).

Byrjaðu hér

Þú byrjar með því að smella á „Skrá inn“ efst í hægra horninu. Hér getur þú búið til aðgang til að geta vistað teikninguna þína og sótt hana hvar sem þú skráir þig inn í IKEA Home Planner. Þú þarft einnig að hafa aðgang þegar kemur að því að panta í IKEA versluninni.



Við mælum með því að þú takir 5-10 mínútur í að lesa notendahandbókina með forritinu áður en þú byrjar. Þannig færð þú nýtsamleg ráð til að hjálpa þér við notkun forrísins.



Veldu flokk

Veldu vöru

Færðu inn málin þín

Notaðu málin sem þú skráir hjá þér á rúðustrikaða blaðið til að endurskapa herbergið í forritinu. Þú getur valið um lögun herbergis hér og lagað teikninguna að rýminu þínu með því að bæta við föstum hlutum, hurðum og gluggum. Þú velur bara úr listanum til vinstri og smellir á „Bæta við“ að því loknu.


Veldu flokk

Byrjaðu á því að smella á „Eldhús“ á listanum vinstra megin. Hér getur þú valið um flokk til að vinna með. Þú getur síðan valið um hluti innan flokkanna á listanum fyrir neðan teikninguna. Einn smellur er allt sem þarf til að færa hlutinn inn á teikninguna.

með IKEA Home Planner

Fylgdu leiðbeiningunum á vefnum okkar til að hefjast handa.

Ef þig vantar aðstoð, komdu við í IKEA versluninni þar sem sölufulltrúarnir í eldhúsdeildinni geta aðstoðað þig.



Hannaðu eldhúsið þitt

Nýttu þér valkostina

Nýttu þér valkostina

Listinn til hægri gerir þér kleift að nýta þá valkosti sem bjóðast fyrir hverja þá vöru sem þú velur af listanum fyrir neðan teikninguna. Þar getur þú t.d. breytt um lit og efni á vörunni. Eða bætt við aukahlutum eins og höldum og hnúðum.

Ljúktu við herbergið

Ljúktu við hönnun eldhússins með því að bæta við borðplötum, gólfefni, borðstofuhúsgögnum og jafnvel pottaplöntum. Þú getur meira að segja málað veggi og gólf til að hafa útlitið alveg eftir þínu höfði. Smelltu á flokkana „Borðstofa“ og „Heildarútlit“ á listanum vinstra megin.

Verð og pantanir

Þegar þú ert tilbúin/n getur þú valið um að prenta út þá mynd sem er uppi á skjánum eða öll sjónarhorn af eldhúsinu. Þú getur líka prentað út lista með vörum sem þú valdir og verðlista. Smelltu bara á myndina af prentaranum.



Skráðu hjá þér notendanafnið og lykilorðið að teikni-forritinu. Þú þarft að nota þessar upplýsingar til að fá aðgang að teikningunum þínum og til að leggja inn pöntun í versluninni.

Notendanafnið þitt

Lykilorðið þitt

3 PANTAÐU

Þegar þú ert búin/n að hanna eldhúsið þitt getur þú komið í verslunina og talað við eldhússérfræðingana okkar. Þeir fara yfir hönnunina með þér og aðstoða þig við allt sem þú þarft aðstoð við. Þegar allt er tilbúið getur þú svo pantað og fengið aðstoð við flutning og aðra þjónustu.

Gátlisti

Þú þarft að taka með þér

- ☐ Málin af eldhúsinu þínu
- ☐ Notendaaðganginn þinn að IKEA Home Planner

Það er gott að vera búin/n að huga að

- ☐ Skápum, skúffum og framhliðum
- ☐ Hurðum og höldum
- ☐ Borðplötu
- ☐ Vaski
- ☐ Blöndunartækjum
- ☐ Ofni
- ☐ Örbylgjuofni
- ☐ Helluborði
- ☐ Háfi
- ☐ Kæli-/frystiskáp
- ☐ Uppþvottavél


Hugaðu líka að þjónustunni

- ☐ Mælingaþjónusta
- ☐ Uppsetningu
- ☐ Heimsendingu



HEIMSENDINGARÞJÓNUSTA

Flestar vörurnar okkar eru hannaðar og þeim pakkað þannig að auðvelt sé fyrir þig að flytja þær heim eða á skrifstofuna, en við getum líka útvegað flutning gegn vægu gjaldi. Þú færð upplýsingar um verð og heimsendingartíma í versluninni, á www.IKEA.is eða í þjónustuveri í síma 520 2500.



FJÁRMÖGNUN

Þú getur greitt með þeim hætti sem þér þykir best. Við tökum við reiðufé, debetkortum og VISA og MASTERCARD kreditkortum. Þar að auki bjóðum við kreditkorthöfum upp á raðgreiðslulán og vaxtalaus lán. Þannig getur þú dreift stærri upphæðum og greitt viðráðanlega upphæð mánaðarlega.

4 SETTU UPP

IKEA eldhús eru hönnuð með það að markmiði að þú getir séð um uppsetninguna, en við erum þó til staðar til að hjálpa eins mikið og þú kærir þig um. Þú getur byrjað á að fara í gegnum uppsetningarbæklinginn sem sýnir hvernig á að bera sig að, skref fyrir skref. Þú getur líka skoðað þjónustuleiðirnar sem í boði eru, sem eru allar í höndum þekkingarmikilla og vel þjálfðra aðila.



Eldhúsuppsetningarbæklingurinn okkar gefur þér ráð og upplýsingar um rétta uppsetningu á nýja eldhúsinu þínu.



UNDIRBÚNINGUR FYRIR UPPSETNINGU

Áður en hægt er að setja upp nýtt eldhús þarf að taka það gamla niður – og það getur verið viðamikill verkefni. Ef þú velur að nýta þér þjónustu við undirbúning uppsetningar, kemur fagmaður og tekur niður allt í eldhúsinu, allt frá skápum til heimilistækja, og lætur farga því á viðeigandi hátt.

UPPSETNING

Þjónustuaðilarnir okkar tryggja að nýja eldhúsið verði komið upp á umsömdum tíma. Þeir tengja öll heimilistæki, vaska og blöndunartæki og setja upp eldhúsið, alveg niður í hnúða og höldur. Svo er verkinu auðvitað ekki lokið fyrr en búið er að fjarlægja allar umbúðir og farga þeim á réttan hátt.

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT TIL AÐ GERA DRAUMA ELDHÚSIÐ AÐ VERULEIKA

Við hjá IKEA viljum meina að allir eigi rétt á nýju eldhúsi. Fyrir utan að bjóða upp á marga möguleika á eldhússamsetningum, þá bjóðum við líka upp á mismunandi þjónustu, svo sem mælingar, ráðgjöf og uppsetningu. Allt sem þú þarft til þess að gera þinn draum að veruleika.




Hér eru nokkar þjónustuleiðir sem við bjóðum upp á, ef þig vantar aðstoð.



Heimsendingarþjónusta

Við sendum húsgögnin heim til þín eða til fyrirtækisins.



Ráðgjafarþjónusta

Ráðgjafarnir okkar hjálpa þér að hanna drauma eldhúsið þitt.



Mælingarþjónusta

Við bjóðum upp á fríar mælingar á rýminu þínu, svo þú getir auðveldlegar hannað eldhúsið þitt.



Uppsetningarþjónusta

Við bendum á áreiðanlega uppsetningarþjónustu sem hentar þínum þörfum.

Fáðu frekari upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði með því að skoða vefinn okkar, www.IKEA.is, eða hafa samband við þjónustuverið í síma 520 2500.

